

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 1. júní 2022

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd

Efni: Umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingar á skipulagslögum (uppbygging innviða), 573. mál

Uppbygging öflugss og trausts flutningskerfis raforku sem tryggir jafnt aðgengi að raforku til atvinnuuppbyggingar á landinu er forsenda öflugrar byggðar. Með aukinni tæknivæðingu er landbúnaður einnig háðari tryggri afhendingu raforku en áður var auk þess sem nýsköpunarverkefni í landbúnaði s.s. vinnsla aukaafurða er háð auknu aðgengi að raforku í nærsamfélaginu.

Bændasamtök Íslands sjá ekki að með frumvarpi þessu sé tekið á framangreindum atriðum, né sé tekið með nægilega afgerandi hætti á þeim atriðum sem starfshópur sem skipaður var í kjölfar fárviðrisins í desember 2019 fjallaði um.

Samtökin taka einnig undir umsagnir Rarik ohf. dags. 29. maí 2022 og benda jafnframt á líti sýnu til stuðnings á umsögn Samtaka iðnaðarins um sama mál frá 4. desember 2020.

Bændasamtök Íslands leggja því gegn samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd og hvetja umhverfis- og samgöngunefnd til að leggja til mun víðtækari breytingar á regluverki þannig að tekið verði, með afgerandi hætti, á öllum þeim atriðum sem valdið hafa töfum á uppbyggingu innviða. Verði þess óskað eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir til að koma fyrir nefndina til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Vigdís Häsler,
framkvæmdastjóri

Hilmar Vilberg Gylfason
lögfræðingur